

Kennsluáætlun í samfélagsfræði

Samfélagsfræði 6. bekkur

Í samfélagsfræði í 6. bekk eru 3 kennslustundir á viku.

Vinnulag

Í kennslustundum í samfélagsfræði er lögð áhersla á samræður um efni hvers tíma, virkni nemenda í að koma skoðunum sínum á framfæri og vera gagnrýnin á umhverfi sitt og sögu. Notast verður við kennslubækur, texta af neti auk ýmissa annarra verkefna sem kennari tekur til. Lítið er um heimanám í samfélagsfræði en foreldrar bera ábyrgð á að fylgjast með inn á mentor.is.

Nemendur vinna ýmist einir í paravinnu eða í stærri hópum.

Staða í námi er metin út frá virkni nemenda í tímum ásamt verkefnavinnu.

Vinnuáætlun

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið – notuð við námsmat	Afurð / Námsmat
Að kenna nemendum gagnrýna hugsun og þau geri sér grein fyrir þeim réttindum og skyldum sem við búum yfir.	Börn í okkar heimi. Flóttamenn og farandfólk.	Nemandi getur <ul style="list-style-type: none"> Sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum svo sem kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti, umhyggju fyrir öðrum mönnum og öllu lífi. Þekki tengslin á milli orska og afleiðinga mannanna. Borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta. Þekki hvaða hjálparsamtök starfi í heiminum. Tekið þátt í samræðu um stöðu sýna sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi og 	Verkefnum safnað í möppu. Plaköt, verkefni í tölvum. Kynningar. Plakat um víkingatímamann og landafundina Virkni nemenda í tímum.
Að nemendur kynnist trúarbrögðum heimsins.	Trúarbrögðin okkar.		
Að nemendur geri sér grein fyrir hvað felst í orðunum fordómar og þröngsýni	Börn í okkar heimi Fordómar og þröngsýni		

Landafundirnir Víkingatíminn	Leifur Eiríksson Á ferð með Leifi heppna Lesbók og ýmis verkefni tekin af netinu.	skyldur, sýnt ábyrgð í samskiptum og átti sig á réttindum sýnum samkvæmt alþjóðasáttmálum. <ul style="list-style-type: none"> • Lýst margbreitlega helstu trúarbragða og lífsviðhorf og áhrifum þeirra á líf fólks. • Gert sér grein fyrir hefðum og siðum sem fylgja mismunandi trúarbrögðum. • rætt á upplýstan hátt um tímabil, atburði og persónur, sem vísað er til í þjóðfélagssumræðu. • greint hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum. • velt fyrir sér ýmsum þáttum sem sagan hefur mótast af, svo sem umhverfi, samfélagsskipulagi og þjóðfélagsshreyfingum • gert sér grein fyrir lífsháttum Íslendinga á víkingatímanum. 	
Norræn goðafræði	Óðinn og bræður hans. Lífið í Ásgarði	Þekki og geti sagt frá helstu goðum og einkennum þeirra. Þekki til ásatrúar.	

Bæði nemendur og foreldrar eru síðan hvattir til að fylgjast reglulega með skráningum á mentor.is, bæði skráningum um námsmat og um heimanám/viðfangsefni.

Námsmat

Námsmat fer fram jafnt og þétt yfir önnina þar sem fyllt er inn á hæfnikort nemenda í Mentor. Matið fer fram bæði skriflega og munnlega, með stuttum samtölum og með skriflegum tímaverkefnum.

Námsmat byggir á þeim hæfniviðmiðum sem tilgreind eru með hverju viðfangsefni hér að ofan. Matið fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Sjá nánari umfjöllun um námsmat á vef skólans undir **Námsmat**. Einkunn fyrir námsárangur verður gefin tvisvar í vetur, í janúar og vetrarlok .

Birt með fyrirvara um breytingar.

Með ósk um gott gengi,

Elsa Sigrún Elísdóttir